

Umhverfisnefnd Alþingis
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 09. maí 2008
2008050004/42-1-1
sb/gg

Umsögn um frumvarp til laga um Veðurstofu Íslands

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 28. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ofangreint frumvarp.

Náttúrufræðistofnun er meðmælt þessu frumvarpi og fagnar því sérstaklega að nafn Veðurstofu Íslands fái að haldast óbreytt við þessa sameiningu vísindarannsókna og vöktunar á sviði veður- og vatnafars.

Af þessu tilefni beinir Náttúrufræðistofnun því til Alþingis að það hugi einnig að samræmingu og sameiningu rannsókn- og vöktunarstarfsemi varðandi lífríki þjurrlandis og ferskvatns, en slíkar rannsóknir eru nú vistaðar á a.m.k. fimm opinberum stofnunum, auk náttúrustofanna sjö sem að hluta til eru fjármagnaðar með ríkisfé.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Staðgengill forstjóra

